



Hvar liggja mörk vetrarbrautarinnar?



Ljós frá mörg hundruð milljörðum stjarna fyllir þessa nýju mynd mjúkum bjarma. Hér sést vetrarbraut en erfitt er að sjá útlínurnar því ljós hennar dofnastr þegar lengra dregur frá miðju.

Til að sjá lögunina er betra að skoða myndina í stærri útgáfu. Ímyndaðu þér svo að þú teiknir línu í kringum ljósbjarmann. Þá sérðu að vetrarbrautin er sporöskjulaga, ekki ósvipuð ruðningsbolta. Stjörnufræðingar kalla svona vetrarbrautir sporvölupokur. Í geimnum eru líka til vetrarbrautir sem minna á svelgi eða vindrellur og eru þess vegna kallaðar þyrilpokur, en líka ýmsar tegundir óreglulegra vetrarbrauta. (Vetrarbrautin okkar er þyrilpoka.)

Sporvölupokur eru stærstu vetrarbrautirnar í alheiminum en í þeim hringsóla stjörnurnar um miðju þeirra í allar áttir. Það gerir þær mjög ólíkar þyrilpokum þar sem allar stjörnurnar hringsóla um miðjuna, eins og þær sætu allar á ósýnilegu flötu yfirborði. Ef sporvölupoka minnir á ruðningsbolta eru þyrilpokur flatar og þunnar eins og pönnukökur.

Ólíkt þyrilpokum eru sporvölur venjulega ryklaugar. Aftur á móti er þessi sporvölupoka rykug eins og sjá má af rykslæðunni sem liggur yfir miðjunni. Stjörnufræðingar telja að ástæðan sé sú að stóra sporvalan hafi gleypst rykuga þyrilpoku!

COOL FACT

Það tók 50 klukkutíma að taka þessa mynd! Þýsna langur tími til að segja „sís“!

